


Skýrta verður kjóll

Höfundur: Elín Arndís Gunnarsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 9.–10. bekk

Endurvinnsluverkefni



Aðferð:


Vélsaumur

Áhöld:

- ✓ Saumavél
- ✓ Skæri
- ✓ Títuprjónar

Efni:

- ✓ Herraskýrta
- ✓ Tvinni
- ✓ E.t.v. annað skraut



Vinnulýsing fyrir nemendur

1 Lesið leiðbeiningar vel áður en vinna hefst.

Lesið leiðbeiningar vel.



2 Munið að nota títuprjóna, það auðveldar vinnuna.



3 Klippið ermar af skyrtunni – sjá mynd 1.

4 Klippið kragann af skyrtunni en haldið neðsta hluta kragans á (þar sem talan er) – sjá mynd 2.

5 Sprettið brjóstvasa af ef hann er á skyrtunni.




6 Klippið ermar langsum í tvennt – sjá mynd 3.

7 Saumið 3 ermalengjur saman á endum – sjá mynd 4.



8 Rykkið lengjuna sem eftir er og festið framan á skyrtu að ofan. Rykkingin er fest í kringum tölurnar á opnanlegu hlið skyrtunnar – sjá myndir 5 og 6.

9 Rykkið lengri hluta ermanna og saumið neðan á kjólinn. – sjá mynd 7.



10 Kjólinn/mussan er tilbúin og þú getur skreytt hann með borðum, pallíettum eða öðru ef þú vilt.

Til kennara

Nauðsynlegt er að brýna fyrir nemendum að lesa leiðbeiningar yfir áður en vinna hefst. Gott er að venja þá á að nota títuþrjóna við vinnuna því það auðveldar þeim að klippa og sauma flíkina. Þífan sem kemur neðan á kjólinn er saumuð saman úr þremur hálfum ermum (langsum). Mikilvægt er að aðstoða nemendur áður en þeir klippa ermuna svo þeir klippi hana ekki í tvennt, þvert á ermuna. Til að þífan verði nógu löng má ekki klippa hnappagötin af erminni. Það er flott að hafa þau neðan á. Ekki er nauðsynlegt að falda að framan eða ermagöp – en það er smekksatriði hvers og eins. Þegar rykking á þífum fer fram er það kennarans að meta hvort rykkingin er unnin í höndum með nál og tvinna eða með rykkingarspori í saumavél.